

Mánudaginn 25. febrúarmán.

Nr. 51,1888

Jón Ó. V. Jónsson

gegn

Páli Hafliðasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, kaupmaður Jón Ó. V. Jónsson, gegn hinum stefnda, skipstjóra Páli Hafliðasyni, fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar, til lúkningar á skuld eptir verzlunarreikningi, að upphæð 417 kr. 95 au., og var því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 5. júlí f. á., á þá leið, að Páll Hafliðason skyldi greiða kaupmanni Jóni Ó. V. Jónssyni 200 kr. 18 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti vera sýku í málinu, og var sakarkostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur kaupmaður Jón Ó. V. Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 17. nóvbr. f. á., og gjört þær kröfur í málinu hjer fyrir rjettinum, að Páll skipstjóri Hafliðason verði dæmdur til að greiða alla hina umkröfðu skuld, 417 kr. 95 aura, með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn er það rjettarkrafa hins stefnda Páls Hafliðasonar, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 60 kr., eða eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi hefur kannazt við það, að hann hafi skuldað áfrýjanda upphæð þá, 200 kr. 18 au., sem honum er gjört að greiða með bæjarþingsdóminum, en að öðru leyti hefur hann neitað hinni umkröfðu skuld; eru

það þannig 217 kr. 77 aur., er hann telur að hann sje ranglega krafinn um, og er upphæð þessi færð honum til skuldar í reikningum áfrýjanda í þrennu lagi þannig:

- | | |
|--|------------|
| 1. 18. ágúst 1886 «Skuld móður yðar, sem | |
| þjer hafið lofað að borga» | kr. 157,35 |
| 2. 4. nóv. 1886 «til sn. Hjartar Hjartarsonar» | — 30,21 |
| 3. s. d. til Magnúsar Bjarnasonar á Gufunesi | — 30,21 |
| | <hr/> |
| Þetta er samtals | kr. 217,77 |

Hinn stefndi hefur nú þverlega neitað því, að hann hafi lofað að borga ofanritaða skuld móður sinnar, og sömuleiðis hefur hann neitað því, að hann hafi leyft, að ofanritaðar tvær upphæðir væru færðar úr reikningi sínum til inntektar fyrir þá Hjört og Magnús.

Gegn þessum skýlausu neitunum hins stefnda verður eigi álitid, að áfrýjandi hafi sannað nýnefndar kröfur sínar á hendur honum, hvorki til fullnustu nje svo, að hinum stefnda verði fyrir lagður synjunareidur í málinu, að því er þær snertir. Þó að svo sje ritað í verzlunarbók áfrýjanda: »skuld móður yðar, sem þjer hafið lofað að borga«, þá er þetta engin lögmæt sönnun fyrir því, að stefndi hafi gefið áfrýjanda slíkt loford, því að það verður eigi álitid, að löggjöfin um verzlunarbækur kaupmanna hafi ætlazt til þess, að þær skyldu vera sönnunargagn, þegar ræða væri um svo lagaða samninga milli kaupmanna og verzlunarmanna þeirra, enda hafa verzlunarbækur kaupmanna út af fyrir sig ekkert sönnunargildi, en að eins í sambandi við löggiltar kontrabækur, sbr. tilsk. 13. júní 1787, kap. II. 17. og 18. gr. Vottorð Þórðar Jónssonar, sem áfrýjandi hefur framlagt og skírskotað til, því til sönnunar, að stefndi hafi við tilgreint tækifæri *eigi* mótmælt því að greiða

skuld móður sinnar, er óeiðfest utanrjettarvottorð, og hefur stefndi neitað gildi þess; það er því þýðingarlaust í málinu. Þó að stefndi legði inn hjá áfrýjanda fisk fyrir 400 kr. hinn 18. sept. 1886, en þá skuldaði hann áfrýjanda sjálfur aðeins 365 kr. 87 aur., þá er þetta þó eptir verzlunarháttum í Reykjavík engin sönnun fyrir því, að hann hafi ætlað til, að afgangurinn gengi upp í skuld móður sinnar, og þar með viðurkennt hana sem sína eigin skuld. Þá verður eigi heldur af því, að hinn stefndi hefur haft í höndum verzlunarreikninga frá áfrýjanda með hinum umpráttuðu gjaldapóstum, ályktað, að hann hafi samþykkt þá, því að hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi mót-mælt þeim afdráttarlaust, undir eins og hann hafi tekið eptir þeim, og er þessari umsögn hans eigi hnekkt. Að því er sjerstaklega snertir innskriptirnar eða yfirfærslurnar úr reikningi stefnda til Hjartar Hjartarsonar og Magnúsar Bjarnasonar, þá er gegn neitun stefnda alls engin sönnun komin fram í málinu fyrir því, að hann hafi heimilað þessar yfirfærslur, eða að hann hafi lofað eða verið skuldbundinn til að borga tjeðar upphæðir.

Eptir hinu framanritaða, verður að fallast á úrslit þau, er málið hefur hlotið í bæjarþingsrjettinum, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, einnig fyrir-mæli hans um málskostnað. Eptir þessum málavöxtum þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, Jón

Ó. V. Jónsson, hinum stefnda, Páli Hafliðasyni,
20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 34/1888.

Pjetur Christophersson
gegn
hreppsnefndinni í Bæjarhreppi.

D ó m u r :

Með stefnu 4. ágústmán. f. á. áfrýjar Pjetur Christophersson, bóndi á Stóruborg í Húnavatnssýslu, að fenginni uppreisn, lögtaksgjörð, er framin var af sýslumanninum í Strandarsýslu, sem fógeta, á Borðeyri 25. maí 1888, á aukaútsvari, er hreppsnefndin í Bæjarhreppi í Strandarsýslu hafði lagt á hann haustið 1887, og uppboðsgjörð, er fram fór á hinum lögteknu munum á sama stað 13. júlí s. á., og krefst, að hið áfrýjaða lögtak og uppboð verði ómerkt; að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða honum í skaðabætur 500 kr. eða það, er rjetturinn álítur nægilegt, og málskostnað að skaðlausu. Á hinn bóginn hefur hin stefnda hreppsnefnd, er fengið hefur gjafvörn fyrir yfirdómi, eða hinu skipaði verjandi hennar krafizt, að hin áfrýjaða lögtaksgjörð og uppboðsgjörð verði staðfest, áfrýjandinn skyldaður til að greiða málskostnað, 120 kr., eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, og að honum verði dæmd hæfileg málflutningslaun. Til vara hefur hann krafizt, að hreppsnefnd Bæjarhrepps verði í öllu falli eigi skylduð til að láta af hendi við áfrýjandann meira en 1 sykirkassa eða virðingarverð hans, 10 kr.